

***Félag makrílveiðimanna stefnir íslenska ríkinu***

Félag makrílveiðimanna hefur stefnt íslenska ríkinu vegna kvótasetningar á makríl vorið 2019. Við kvótasetninguna töpuðu smærri bátar um helming af sínum kvóta til stóru uppsjávarskipanna. Sá kvóti sem eftir er skilinn hjá minni útgerðunum hefur einnig takmarkaðri réttindi til framsals en kvóti stærri skipanna. Einnig var sett inn ákvæði sem leyfir ráðherra sjávarútvegsmála að taka af smærri bátum kvótann á hverju ári án endurgjalds og færa hann til stærri skipa.

***Kvóti færður frá smáum útgerðum til þeirra stærstu með sérvalinni aðferð***

Grundvöllur stefnunnar er sá að sjávarútvegsráðherra lagði fram frumvarp sem miðaði við rúmlega þrefalt lengri aflareynslutíma enn gildandi lög um veiðar á deilistofnum kveða á um.

Þar sem stærstu útgerðirnar stóðu einar að þessum veiðum fyrstu árin er grundvöllur frumvarpsins þeim mjög hagstæður. Lög um veiðar úr deilistofnum gera ráð fyrir að kvóta sé úthlutað miðað við bestu 3 ár af undanliðnum 6 árum, en frumvarp sjávarútvegsráðherra tekur mið af aflareynslu bestu 10 ára af undanliðnum 11. Undirliggjandi markmið með þessum lögum, að mati stefnanda, var beinlínis að auka hlut stærri uppsjávarútgerða í kvótanum með því að handvelja þau viðmiðunarár sem þjónuðu því markmiði, fremur en því almenna sjónarmiði sem verið hefur við lýði í lögum allt aftur til ársins 1983 að miða við stuttan aflareynslutíma. Ráðherra virðist annarsvegar hafa verið að bregðast við dómi hæstaréttar um að framkvæmd veiðistjórnunar stjórnvalda hafi ekki staðist lög frá 2011 og hinsvegar að ríkið ætti yfir höfði sér skaðabætur vegna þessara misgjörða. Með nýju lögnum eru minni útgerðir látnar bera þunga þessara misgjörða ríkisins sem er ósanngjarnt og mögulega ekki lögmætt markmið lagasetningar almennt. Þó svo að aflareynslutímabilið gildi jafnt fyrir alla sem stundað hafi veiðarnar, og virðist því við fyrstu sýn vera almenn ráðstöfun, þá telur stefnandi að valið á aflareynslutímabilinu sem slíkt, sé óheimil mismunun þar sem markmiðið er að hygla stórútgerðum á kostnað þeirra smærri.

### ***Ráðherra með örlög smærri útgerða í hendi sér***

Auk þessa er nýlunda að ráðherra hafi heimild til að taka heimildir útgerða af þeim innan fiskveiðiársins telji hann veiðar ekki þróast eftir hans geðþótta. Lögin eru því fyrir margar sakir án fordæma og staða smærri útgerða og skipa mun verri enn áður. Félag makrílveiðimanna reyndi ítrekað að vara við veikum grundvelli laganna og afleiðingar þeirra við meðferð frumvarpsins fyrir þinginu, en án árangurs. Varð frumvarpið að lögum án nægilegrar umræðu í skjóli umræðu um innfluttning á hráu kjöti og orkupakka 3. Félagið hefur því fundið sig knúið til að láta á lögmæti löggjafarinnar reyna.

Virðingarfyllt 30.1.2020

F.h. Félags Makrílveiðimanna – [www.makrill.is](http://www.makrill.is)

Unnsteinn Práinsson  
Formaður Félags Makrílveiðimanna  
Sími 894-0097

Ásmundur Skeggjason  
Talsmaður Félags Makrílveiðimanna  
Sími 895-3000